

Ed.

393. Þingsályktun

um rannsókn á veg- og brúarstæðum á Norður- og Austurlandi.

(Afgreidd frá Ed. 21. apríl).

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta nú sumar fara fram rannsókn á því, hve mikið myndi kosta að gera akveg með tilheyrandi brúm á þeim leiðum, sem hjer eru tilgreindar, og leggja niðurstöðuna fyrir næsta Alþingi.

1. Frá Hellisheiði um láglandi Vopnafjarðar yfir Selá.
2. Frá Þórshöfn yfir Þistilfjörð að Garði.
3. Frá Kópaskeri að mynni Ásbyrgis.
4. Frá Breiðumýri yfir Fljótsheiði og Skjálfandafljót að Fnjóskárbrú.